

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þann 23.03.2020, kl.15:00, á skrifstofu SORPU bs. Gylfaflöt 5 og í fjarfundi. 424. fundur. Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður, fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir.

Mætt:

Birkir Jón Jónsson, Ágúst Bjarni Garðarsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir. Helgi Ingason framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri og Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur. Gestir fundarins var Haraldur Flosi Tryggvason. Gestur undir lið 1 var Dr. Pröstur Guðmundsson vélaverkfræðingur. Gestur undir lið 3 var Birgir Björn Sigurbjörnsson.

Tekið fyrir:

1. Staða verkefnanna í Gufunesi og GAJA.
Framkvæmdastjóri fer yfir stöðu verkefna í móttökustöðinni Gufunesi og í GAJA Álfsnesi.
Dr. Pröstur Guðmundsson gefur álit sitt á stöðu verkefna í Álfsnesi og Móttökustöð.
Málið rætt.
2. Staðan á tímum Covid-19, stutt yfirlit yfir aðgerðir og viðbragðsáætlanir SORPU.
Minnisblað lagt fram um yfirlit aðgerða og viðbragðsáætlanir SORPU.
3. Kynning á sviðsmyndum fjármálateymis vegna fjármála SORPU
Birgir Björn kynnir drög að sviðsmyndagreiningu sem fjármálahópur hefur unnið að síðustu vikur. Málið rætt.
4. Kynning á tillögum stjórnenda SORPU til hagræðingar
Framkvæmdastjóri fer yfir drög að tillögum stjórnenda SORPU til hagræðingar. Málið rætt.
5. Næstu skref í hagræðingarátaki SORPU, áætlun um komandi fundi og kynningar
Framkvæmdastjóri ræðir um næstu skref og áætlaða tímalínu í vinnu næstu vikur.
6. Ársreikningur 2019 - örstutt kynning um stöðuna
Skrifstofustjóri fer yfir stöðuna á gerð ársreikningi 2019. Endurskoðendur eru að ljúka vinnu sinni og drög að endanlegri útgáfu að verða tilbúin til yfirferðar og samþykkis. Skv. tilkynningu frá ársreikningaskrá ríkisskattsstjóra þarf að bæta inn í skýrslu stjórnar áhrif Covid-19 á afkomu og stöðu félagsins. Málið rætt.
7. Skemmdir á endurvinnslustöðinni á Ánanaustum í óveðri
Framkvæmdastjóri fer yfir þær skemmdir sem að orðið hafa í Ánanaustum sökum vonskuveðurs. Mikilvægt er að Reykjavíkurborg verji lóðina. Minnisblað rekstrarstjóra endurvinnslustöðva lagt fram.
8. Jafnlaunavottun
Viðhaldsúttekt var þann 12. mars sl. Úttektin gekk vel. SORPA stendur sig vel í jafnlaunamálum. Niðurstöður launagreininga síðustu missera kynnir.
9. Önnur mál
Stjórn samþykkir að afgreiða fundargerðir með tölvupóstum á meðan að samkomubann varir.
10. Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 30. mars kl. 13:00

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 17:48

Birkir Jón Jónsson Samþykkt. Kveðja góð Birkir Jón	SV: Fundargerðir 423 og 424... þri. 24.3.2020 17:20
Líf Magneudóttir samþykkt. Bestu kveðjur - Líf Magneudóttir	SV: Fundargerðir 423 og 424... þri. 24.3.2020 14:50
Bjarni Torfi Álfþórsson Samþykkt bk, Bjarni Torfi	Re: Fundargerðir 423 og 424... þri. 24.3.2020 14:47
Ágúst Bjarni Garðarsson Samþykkt	RE: Fundargerðir 423 og 424... þri. 24.3.2020 13:52
Jóna Sæmundsdóttir Engar athugasemdir	SV: Fundargerðir 423 og 424... þri. 24.3.2020 13:39
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir Engin athugasemd frá mér. Kær kveðja, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir bæjarfulltrúi og formaður fræðslunefndar	Re: Fundargerðir 423 og 424... mán. 23.3.2020 2...